

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Miðvogslækjar.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 23. maí 2023 breytingu á deiliskipulagi Miðvogslækjar, vegna Þjóðveggar 13A. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit í suðaustur um fjóra metra, annað er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Flóahverfis.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 23. maí 2023 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis vegna Lækjarflóa 16 og 18. Í breytingunni felst að sameina lóðir og byggingarreit við Lækjarflóa 16 og 18, nýtingarhlutfall fer úr 0,35 í 0,36, annað er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi stofnanareits.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 23. maí 2023 breytingu á deiliskipulagi stofnanareits, vegna Vesturgötu 102. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit bílskúrs í norðvestur og norðaustur.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 25. maí 2023.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. júní 2023